

A 1845/kultur

Flytjandi	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Nefndartillaga
um samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á
nemendur á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að láta vinna samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendur á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Stjórnvöld á Norðurlöndum fóru að hluta til ólíkar leiðir við lokun grunnskóla og framhaldsskóla á vormánuðum 2020. Í Danmörku, Finnlandi og Noregi náði lokunin til grunnskóla, framhaldsskóla og skóla á háskólastigi. Á Íslandi var skólum leyft að taka á móti nemendum ef þeir gátu tryggt að ekki væru fleiri en 20 í hverri stofu. Í Svíþjóð var framhaldsskólum og skólum á háskólastigi lokað en grunnskólar voru áfram opnir. Í löndum þar sem grunnskólum hafði verið lokað voru þeir smám saman opnaðir aftur síðla vors en framhaldsskólar og skólar á háskólastigi voru ekki opnaðir fyrir en haustönnin hófst.

Enn liggur ekkert fyrir um hverju opnun skólanna breytir um dreifingu smits eða hvaða aðferðir til að draga úr smiti hafa skilað mestum árangri.

Þekkingar- og menningarnefndin ber fram þá ósk að menntamálaráðuneyti norrænu ríkjanna og önnur stjórnvöld taki höndum saman og skiptist á skoðunum um hvaða tilhögun og aðferðir gagnast best til að tryggja að smit aukist ekki meðal norrænna skólabarna og berist síðan frá þeim út í samfélagið.

Þann tíma sem skólar og háskólar hafa verið lokaðir hefur verið brugðist skjótt við til að geta haldið starfinu áfram með fjarkennslu og skólarnir hafa jafnframt fundið nýjar leiðir til að takast á við ýmis vandkvæði sem fylgja fjarkennslu. Fjarkennsla getur þó ekki komið að fullu í stað kennslu sem fer fram í skólastofu og lítil bein samskipti milli nemenda og milli nemenda og kennara geta komið niður á geðheilsu þeirra og dregið úr námsárangri.



Í skýrslu frá sænska skólaeftirlitinu (Skolinspektionen)¹, sem er byggð á viðtölum við 260 skólastjóra, kemur fram að þeir telja fjarkennsluna almennt hafa gengið vel; Tæknilausnir hafi nýst vel, fylgt hafi verið óbreyttum stundaskrá og skólatíma og nemendur hafi getað nálgast námsefni og upptökur af kennslustundum til upprifjunar, en þessu hafi einnig fylgt ýmis erfið úrlausnarefni, m.a. eftirtalið:

- Sumum nemendum gengur verr en öðrum að nýta sér fjarkennslu og á það til dæmis við um nemendur á undirbúningsbrautum, nemendur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður heima fyrir og nemendur með sérstakar þarfir.
- Iðnnemum hefur stundum reynst erfitt að komast í vinnustaðanáám þegar fyrirtækjum hefur verið lokað eða stjórnendur þeirra hafa ekki hætt á taka við starfsnemum.
- Fjarkennslan gerir skólunum erfiðara að sinna jöfnunarhlutverki sínu, sem er í því fólgandi að styrkja alla nemendur í námi óháð heimilisaðstæðum, en ekki síður að skapa þeim öryggi og huga að nemendum sem standa höllum fæti.
- Nemendur hafa saknað samvistanna og er það sá þáttur sem erfiðast hefur verið að leysa úr rafrænt.
- Sumir nemendur hafa ekki aðgang að nægilega góðri nettengingu til að geta fylgst með kennslustundum og tekið þátt í þeim.
- Í vissum tilvikum hefur kennurum reynst erfitt að átta sig á því hvort nemendur taka virkan þátt í kennslustundum þegar þeir sjást ekki á skjánum.
- Vinnuálagið hefur aukist hjá bæði kennurum og nemendum í vissum tilvikum og sumum metnaðarfullum nemendum hefur reynst erfitt að setja sér mörk, en það getur verið streituvaldandi.

Ástæða er til að ætla að reynslan af fjarkennslu sé svipuð á hinum Norðurlöndunum. Við blasir að þótt fjarkennsla hafi nýst flestum vel hafa skiptin yfir í rafræna kennslu reynst erfiðust þeim nemendum sem þurfa mest á einstaklingsbundnum stuðningi kennara og annarra starfsmanna að halda eða geta síst verið án félagslegra samskipta.

Álit nefndarinnar

Að álitni þekkingar- og menningarnefndarinnar ríður á að Norðurlönd skiptist á upplýsingum um áhrifin sem skólalokanir hafa haft á nemendur á Norðurlöndum, t.d. að því er varðar geðheilsu, tækifæri til náms og tækifæri til starfsnáms á vinnustöðum. Nú gefst einnig gullið tækifæri til að athuga hvernig sænskum grunnskólanemendum hefur reitt af í samanburði við nemendur í hinum norrænu ríkjum þar sem grunnskólar hafa verið lokaðir. Nefndin telur því að samanburðargreining á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendur á Norðurlöndum væri skólabókardæmi um starfsemi með norrænt notagildi. Greiningarvinna af því tagi getur gert ríkin betur í stakk búin að takast á við

¹ <https://www.skolinspektionen.se/globalassets/publikationssok/granskningsrapporter/covid-19/uppfoljning-av-gymnasieskolors-distansundervisning---slutrapport.pdf>



úrlausnarefni framtíðarinnar, enda getur reynst nauðsynlegt að loka skólum aftur ef smit fer að breiðast út á ný. Æskilegt væri að kynna niðurstöður skýrslunnar á norrænni ráðstefnu þegar aðstæður leyfa.

Norðurlöndum, 15. september 2020

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Camilla Gunell (ÅSD)

Daniel Riazat (V)

Erlend Wiborg (FrP)

Henrik Møller (S)

Johan Kvarnström (sd)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

*Kjell-Arne Ottosson (KD), **formaður***

Lars Mejern Larsson (S)

Marianne Synnes Emblesvåg (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Sebastian Tynkkynen (saf)

Veronika Honkasalo (vinstri)